

Sólrun Inga Traustadóttir  
Ásta Rakel Viðarsdóttir  
Þóra Kristín Briem  
Jakob Kristján Þrastarson  
Ögn Þórarinsdóttir

## Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn

Áfangaskýrsla 2020



**Reykjavík 2021**  
Borgarsögusafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 213



HÁSKÓLI ÍSLANDS



**Borgarsögusafn**  
Reykjavíkur

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Ritstjórn: Sólrún Inga Traustadóttir.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

© Háskóli Íslands

© Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rákel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson og Ögn Þórarinsdóttir.

© Kortagerð: Ómar Valur Jónasson.

Forsíðumynd: Nemendur og leiðbeinendur fyrir aftan Árbæinn, við

uppgriftarsvæði A. Ljósmyndina tók Margrét Björk Magnúsdóttir.

Ljósmyndir í þessari skýrslu eru teknar af höfundum eða starfsmönnum rannsóknarinnar árið 2020, nema annað sé tekið fram.

Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Reykjavík 2021

Öll réttindi áskilin

## Grunnupplýsingar

Leyfisnúmer: 201606-0078

Þjóðminjasafnsnúmer: 2020-37

Stutt lýsing rannsóknar: Rannsókn á bæjarstæði Árbæjar. Upphaf búsetu og þróun bæjarins frá öndverðu.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn og nemendauppgröftur.

Staðsetning: Árbæjarsafn, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík, Suðurland

GPS hnit: A 362653 N 404777

Rannsóknartími: 20. júlí – 4. september 2020

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir og Angelos Parigoris

Fjöldi sérfræðinga: 5

Fjöldi nema: 21



# Efnisyfirlit

<i>Myndaskrá</i> .....	5
<i>Inngangur</i> .....	7
<i>Söguágrip</i> .....	9
<i>Fyrri rannsóknir</i> .....	11
<i>Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2020</i> .....	13
Aðferðafræði .....	14
Svæði A.....	17
Svæði B.....	19
Könnunarskurðir 6 og 7 .....	19
<i>Gripir</i> .....	22
Dýrabein .....	22
Gler .....	23
Leir .....	23
Málmur.....	24
Steinn .....	26
Líkamsleifar .....	26
Lífrænar leifar .....	27
Annað efni .....	27
<i>Miðlunar og safnaþáttur</i> .....	28
Opnun sýningar á Árbæjarsafni.....	28
Samfélagsmiðuð fornleifafræði.....	29
Vettvangssýning.....	29
Samfélagsmiðlar.....	29

<b>Lokaorð.....</b>	<b>30</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>33</b>
<b>Viðauki I – Fundaskrá.....</b>	<b>35</b>
<b>Viðauki II – Sýnaskrá.....</b>	<b>54</b>
<b>Viðauki III – Einingaskrá.....</b>	<b>57</b>
<b>Viðauki IV – Flæðirit (Harris Matrix).....</b>	<b>75</b>
<b>Viðauki V – Sniðteikningar.....</b>	<b>53</b>
<b>Viðauki VI – Ljósmyndaskrá.....</b>	<b>56</b>
<b>Viðauki VII – Sýningaspjöld.....</b>	<b>70</b>

## Myndaskrá

Mynd 1. Árbær um 1961. Horft í vestur. Ljósmynd: Gunnar Rúnar Ólafsson. Mynd frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.....	10
Mynd 2. Loftmynd af uppgraftrarsvæðum A og B og könnunarskurði 7. Ljósmyndari: Hulda B. Guðmundsdóttir.....	13
Mynd 3. Yfirlitskort með loftmynd af uppgraftarsvæðum ársins 2020. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson.	14
Mynd 4. Nýnemar við vinnu á uppgraftarsvæði A. ....	16
Mynd 5. Loftmynd af uppgraftarsvæði A. Svörtu rákirnar á austurhluta svæðisins er Katla 1500 in situ..	17
Mynd 6. Kort af svæði A. Jarðlög sem eru í lit voru skráð og grafin árið 2020. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson.....	17
Mynd 7. Eldstæði á svæði A, áður en það var grafið. Horft í austurátt. ....	18
Mynd 8. Eldstæðinu hefur verið raskað að hluta og þar fundust m.a. gulir og rauðir múrsteinar og kúla úr jární (2020-37-266). Í óraskaða hlutanum fundust brýnisbrot, kol og gjall. ....	18
Mynd 9. Loftmynd af uppgraftarsvæði B. ....	19
Mynd 10. Kort af uppgraftarsvæði B, lituðu jarðlögin eru þau sem voru mæld upp og grafin árið 2020. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson. ....	19
Mynd 11. Könnunarskurður 7. Lengst til vinstri sjást grjóthleðslur úr hlöðunni en þvínæst, neðar, eru tvær steinaraðir sem talið er að sé dren. Mynd tekin í suður. ....	20
Mynd 12. Nýnemar læra allt um jarðlagafraeði í skurði 7 hjá Angelos Parigoris, kennara. ....	21
Mynd 13. Hreinteikning af norðursniði í könnunarskurði 7. ....	21
Mynd 14. Súlurit sem sýnir skiptingu gripa eftir efni. ....	22
Mynd 15. Tólf rauðleirkersbrot (2020-37-37). ....	23
Mynd 16. Skæri sem fundust í öskuhaug. ....	24
Mynd 17. Kúla úr jární sem fannst á svæði A.....	24
Mynd 18. Dönsk mynt með áletruninni: 2 Rigsbank Skilling 1836 (2020-37-107).....	25
Mynd 19. Handgerðir járnaglar (2020-37-85).....	25
Mynd 20. Kvarnarsteinn sem fannst á svæði A í röskuðu lagi. Skalinn á myndinni er 50 cm. ....	26
Mynd 21. Þrjár af a.m.k. fjórum kljásteinum sem fundust í öskuhaugnum. Þeir voru hluti af vefstað og hafa verið notaðir við vefnað. ....	26
Mynd 22. Gripur 2020-37-112 og vegur 858 gr., en er brotinn í annan endann. Er þetta herslusteinn, kola eða steypumót? ....	26

Mynd 23. Hluti sýningarinnar í Landakoti.....	28
Mynd 24. Nemendur fara eftir tveggja metra reglunni. ....	31
Mynd 25. Nemendur taka stutta pásu eftir að hafa aftyrft uppgraftarsvæði B. ....	32

## **Inngangur**

*Fornar rætur Árbæjar* er fornleifarannsókn sem hófst árið 2016 og er á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði, jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Rannsóknin er styrkt af fornminjasjóði.

Að þessu sinni fór fornleifarannsókn á bæjarstæði Árbæjar fram dagana 20. júlí – 4. september 2020 þar sem fresta þurfti uppgreftrinum vegna ástandsins í samfélaginu af völdum COVID-19 faraldursins. Uppgröfturinn var liður í námskeiðinu *FOR406G - Fornleifarannsókn á vettvangi* sem kennt er við Háskóla Íslands og tóku sjö nemendur þátt. Stjórnandi uppgraftarins var Sólrún Inga Traustadóttir en hún var jafnframt umsjónarmaður með námskeiðinu. Auk hennar voru þrír aðrir leiðbeinendur, Angelos Parigoris, Hulda Björk Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, en Margrét Björk hafði yfirumsjón með hreinsun og pökkun gripa sem fór fram samhliða uppgreftrinum. Nemendur sem tóku þátt í námskeiðinu voru: Ásta Rakef Viðarsdóttir, Jakob Kristján Þrastarson, Klara Ósk Gunnarsdóttir, Sólbjörg Jóna Sigurpálsdóttir, Valdimar Friðrik Jónatansson, Þóra Kristín Briem og Þóra Margrét Hallgrímsdóttir.

Þetta árið var uppgrofturinn einnig liður í námskeiðinu *FOR101G Aðferðafræði I* sem fór fram í síðustu viku uppgraftarins og tóku ellefu fyrsta árs nemendur þátt. Angelos Parigoris var stjórnandi uppgraftarins á meðan á því námskeiði stóð en hann er jafnframt umsjónarmaður námskeiðsins. Aðrir leiðbeinendur þessa síðustu viku voru Hulda Björk Guðmundsdóttir fornleifafræðingur og Svavar Níelsson, MA nemandi. Nemendur voru: Birna Magnúsdóttir, Brynja Árnadóttir, Caitlin Jayne Alison Ross, Elfa Eir Einarsdóttir, Halla Bryndís Magnúsdóttir, Helga Ína Steingrimsdóttir, Nína Friðriksdóttir, Sigurlaugur Ingólfsson, Sigþór Bjarni Geirsson, Sveinbjörg Andrea Auðunsdóttir og Þorgerður Hjelm Daníelsdóttir.



Aðrir sem tóku þátt í uppgrefti voru Ómar Valur Jónasson fornleifafræðingur, Arndís Lilja Hauksdóttir Blöndal, BA nemandi í fornleifafræði og Lilja Einarsdóttir, BA nemandi í mannfræði. Grunnúrvinnsla á gagnasafni rannsóknarinnar hófst haustið 2020 og er liður í námskeiðinu *FOR202G - Aðferðafræði II* við Háskóla Íslands. Angelos Parigoris er umsjónarmaður námskeiðsins en Sólrún Inga Traustadóttir kenndi einnig við námskeiðið. Alls tóku níu nemendur þátt. Frágangur og skráning gripa í Sarp var lokið í apríl 2021 og sérstakar þakkir fá Ásta Rakel Viðarsdóttir og Þóra Kristín Briem, nemendur í fornleifafræði, fyrir að ljúka við verkið. Bestu þakkir til allra nemenda og fornleifafræðinga sem störfuðu við rannsóknina árið 2020 sem svo sannarlega var fordæmalaust.

## Söguágrip

Engar ritaðar heimildir eru til um upphaf búsetu í Árbæ en elsta ritaða heimildin þar sem Árbæjar er getið er frá árinu 1464. Er það vottunarbréf um það að Ólöf ríka Loftsdóttir hafi greitt niður skuld sína og eiginmanns hennar við konung, og er það undirritað í Árbæ af Steinmóði, ábóta í Viðey, og Jóni Narfasyni (Íslenzkt fornbréfasafn V, bls. 430-431). Næsta er Árbæjar getið í fógetaþréfum frá 1547 til 1552 þar sem kemur fram að jörðin tilheyrir Viðeyjarklaustri (Íslenzkt fornbréfasafn 12. b., bls. 112, 139, 153, 173 og 399). Við siðaskipti runnu eignir kirkjunnar undir Danakonung og eftir það sá hann um rekstur á klausturgóssinu (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 479).

Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var skrifuð árið 1704 var jörðin Árbær enn í eigu Danakonungs. Var þá tvíbýli á jörðinni; annars vegar bjuggu þar Sæmundur Þórarinsson og Steinunn Guðmundsdóttir ásamt börnum sínum og hins vegar ókvæntur maður, Sigurður Arason ásamt móður sinni. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 3. b., bls. 296-298). Ábúendur þessir eru nefndir í fleiri rituðum heimildum sama ár og tengist það láti Sæmundar. Í annálum kemur fram að fjórir menn hafi gengið fram á lík hans við Skötufoss og fljótlega kom upp sá orðrómur að Sigurður hafi orðið honum að bana. Neitaði hann því fyrst um sinn en að lokum viðurkenndi hann fyrir Páli Beyer, landfógeta, að Steinunn hafi hvatt hann til þess að hrinda Sæmundi niður Skötufoss sem hann og gerði. Ástæðan er, samkvæmt munnmælum, að Steinunn hafi haldið við Sigurð og því hvatt hann til þess að drepa bónda sinn. Mál þetta var tekið upp á þingi að Varmá í Mosfellssveit þar sem Steinunn viðurkenndi treglega frásögn Sigurðar. Voru þau flutt á Seltjarnarnes þar sem þau sátu inni í hálfan mánuð áður en þau voru dæmd til dauða og tekin af lífi á Kópavogspingi. Steinunn var þá 47 ára en Sigurður var 20 árum yngri. Steinunni var drekkt í Elliðaá syðri en Sigurður var hálshöggvinn og höfuð hans sett á stöng við dys hans. Steinunn lét eftir sig þrjú börn en Páll Beyer tók sjálfur að sér yngsta son hennar, Berg (Annálar I,

bls. 468-470 (Vallaannáll); II, bls. 353, 555 (Hestsannáll); III, bls. 526 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 180 (Setbergsannáll)).

Árið 1988 fór fram fornleifauppgröftur á dysjum manns og konu nálægt Kópavogspingstað undir stjórn Guðmundar Ólafssonar, fornleifafræðings hjá Þjóðminjasafni Íslands. Á beinagrind mannsins vantaði höfuðkúpuna og við fætur hans fannst hola eftir staur og er því ekki ólíklegt að um dysjar Steinunnar og Sigurðar hafi verið að ræða. Höfðu dysjar þessar fengið nafnið Hjónadysjar (Guðmundur Ólafsson 1988).



Mynd 1. Árbær um 1961. Horft í vestur. Ljósmynd: Gunnar Rúnar Ólafsson.  
Mynd frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Hjónin Eyleifur og Margrét tóku við jörðinni árið 1881 og bjuggu þau þar til dauðadags, Eyleifur lést 1907 en Margrét 1935. Á meðan þau bjuggu í Árbæ var stundaður veitingarekstur þar en Árbær var í alfaraleið og vinsæll áningarstaður hjá þeim sem ferðuðust um þjóðveginn. Eftir að Margrét lést tók Kristjana Eyjólfsdóttir, dóttir þeirra við búinu og bjó hún í Árbæ til ársins 1948 en eftir það fór jörðin í eyði (Árni Hjartarson o.fl. 1998, bls. 63-65). Árið 1906 eignaðist Reykjavíkurbær Árbæ (Lögrétta 1906, bls. 150), en Reykvíkingafélagið fékk það í gegn hjá bæjarráði eftir að Árbær lagðist í eyði

árið 1948 að félagið fengi umsjón með bænum. Árið 1957 afhenti félagið Reykjavíkurbæ Árbæ á ný og 22. september sama ár var byggðasafnið opnað almenningi (Hrefna Róbertsdóttir 1992, bls. 69-71).

## **Fyrri rannsóknir**

Sumarið 2015 komu í ljós tveggja metra þykk mannvistarlæg við Árbæ þegar drenlögn var endurnýjuð austan við bæinn. Mannvistarlögin teygðu sig að minnsta kosti 14 metra suðaustur af bænum og greina mátti mannvist bæði yfir og undir gjóskulagi Kötlu~1500 (Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir 2015, bls. 2 og 21).

Sumarið 2016 hófst fornleifarannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* formlega. Þá voru gerðir fimm könnunarskurðir á bæjarstæði Árbæjar þar sem grunur var um mannvirki og í öskuhaug bæjarins en markmiðið fyrsta árið var að staðsetja minjar innan túngarðsins. Í öllum fimm skurðum kom mannvist í ljós, þær yngstu frá 20. öld og þær elstu frá því fyrir 1226 og var því ljóst í upphafi rannsóknar að staðurinn átti sér mun lengri sögu en ritaðar heimildir ná til (Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir 2016, bls. 6 og 23).

Sumarið 2017 var uppgriftarsvæði A opnað og voru þrjú mannvirki frá mismunandi tímabilum grafin upp að hluta til eða í heild sinni, og sáust ummerki um fjórða mannvirkið. Hluti mannvirkjanna voru óþekkt af kortum eða úr heimildum. Árið 2017 var aldur og umfang öskuhaugsins einnig áætlaður, en staðsetning hans var þekkt frá því árinu áður með könnunarskurði vestan við bæjarhúsin. Til þess voru teknir borkjarnar en borkjarnarannsóknin leiddi í ljós að öskuhaugurinn hafði verið í notkun frá um 1500 og þangað til bærinn lagðist í eyði um miðja 20. öld. Öskuhaugurinn er um 17 m á lengd frá norðri til suðurs, 10 m frá austri til vesturs og um 170 cm þar sem hann er þykkastur (Sólrún Inga Traustadóttir 2017, bls. 13).

Sumarið 2018 fór fornleifauppgröftur fram á tveimur svæðum, á svæði A sem var opnað árið 2017 og stækkað í 10 x 10 metra árið 2018, og svæði B sem var opnað árið 2018 á öskuhaug bæjarins, fyrir framan bæinn, vestan við smiðjuna. Uppgraftarsvæðið er um 6 x 9 metrar. Einnig voru gerðar jarðsjármælingar á um 725 fermetra á bæjarstæði Árbæjar (Sólrún Inga Traustadóttir, 2019, bls 8). Jarðlög frá 16.-20. öld voru grafin á svæðum A og B. Við stækkun á svæði A kom í ljós að vesturhorn svæðisins hafði orðið fyrir miklu raski vegna vatns- og rafmagnslagna og í fyllingum skurðanna eftir lagnirnar var hægt að greina hleðslugrjót og torf. Áhugaverðasti fundurinn það ár voru mannvistarlög í sniði nútímaskurðar þar sem skúlptúrin *Kona að strokka*, eftir Ásmund Sveinsson, hafði staðið við suðurbakka svæðis A. Skurður þessi náði niður í óhreyfðan jarðveg en í honum var meðal annars að finna 40 cm þykk mannvistarlög undir 1226 gjóskulaginu *in situ*, og lítið eldstæði undir landnámstorfi. Hægt væri að skipta mannvistarlögum í tvo fasa út frá gjóskulögum: 870-1226 og 1226-1500. Einnig voru ummerki um mannvirki í sniðinu sem hafði ekki verið greinilegt fyrr en það virtist liggja á milli gjóskulaganna 1226 og K~1500 (Sólrún Inga Traustadóttir 2019, bls. 27-28 og 35-36).

Sumarið 2019 var haldið áfram með jarðsjármælingar á nokkrum svæðum. Einnig var haldið áfram með uppgraftarsvæði A og B. Einn áhugaverðasti fundur sumarsins voru 12 stoðarholur á uppgraftarsvæði A sem voru eftir stoðir timbursviðs sem hafði verið sett upp á fyrri hluta 20. aldar. Einnig fundust merki um nýtt mannvirki í suðvesturhorni svæðis A í sniði lagnaskurðar þar sem sást strengjatorf með gjósku frá 1226. Á uppgraftarsvæði B var grafið niður fyrir öskuhaugsjarðlög í norðaustur hluta

svæðisins (Sólrún Inga Traustadóttir, 2020, bls. 12-13 og 25-26). Töluvert magn af gripum hafa safnast á þessum árum, þá sérstaklega úr öskuhaugnum en hann er nánast eingöngu úr móösku úr eldstæðum eða hlóðum. Hann virðist vera afar súr því dýrabein varðveitast illa í haugnum og ekki finnst



Mynd 2. Loftmynd af uppgraftrarsvæðum A og B og könnunarskurði 7.  
Ljósmyndari: Hulda B. Guðmundsdóttir.

mikið af minni beinum við sigtun, þó eitthvað af fiski-og fuglabeinum. Fljótlega verður farið í greiningar á fundasafni öskuhaugsins og verður áhugavert að sjá niðurstöður þeirra, vonandi á árinu 2021.

## **Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2020**

Vegna COVID-19 faraldursins fór fornleifauppgröfturinn fram dagana 20. júlí – 4. september 2020 í stað maí mánaðar líkt og fyrri ár. Rannsókn fór fram á tveimur svæðum á bæjarstæði Árbæjar, annars vegar á svæði A sem opnað var sumarið 2017 og stækkað í 10 x 10 metra vorið 2018. Í þessum áfanga var svæði A stækkað um 1.5 m til suðurs og 0.7 m til vesturs með því

markmiði að ná fram heildstæðari mynd af þeim mannvirkjum sem komið höfðu í ljós í lagnaskurðum á svæðinu, (sjá Mynd 3). Notast var við stærri gerð af traktorsgröfu við stækkunina. Hins vegar var unnið á svæði B, sem opnað var á öskuhaug bæjarins vestan við smiðjuna vorið 2018, og er það 6 x 9 metrar að stærð. Einnig voru gerðir tveir könnunarskurðir, sem fengu númerin 6 og 7 en markmið með þeim var að sannreyna niðurstöður jarðsjármælinga og athuga hvort mannvirki á um 1.5 metra dýpi væru þar að finna.



Mynd 3. Yfirlitskort með loftmynd af uppgriftarsvæðum ársins 2020. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson.

## Aðferðafræði

Einingaaðferð (e. single-context) var notuð við uppgröftinn en sú aðferðafræði getur verið tímafrek á vettvangi en úr verða góð og ítarleg gögn um hvert jarðlag og hvern stein sem fjarlægð eru við uppgröft. Einnig er fundarstaður

og samhengi gripa skráð ítarlega. Einingaaðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er skráð sem stök eining, hvort sem um er að ræða jarðlag, byggingarhluta, holu, skurð o.s.frv. Hverri einingu er lýst sérstaklega á skráningarblaði, mæld upp með alstöð (skv. hnitakerfi ISN93) og ljósmynduð. Mælingum úr alstöð (TopCon PS 103) var hlaðið niður á hverjum degi í gagnagrunninn Intrasis, sem heldur utan um öll gögn sem viðkoma fornleifarannsókninni. Snið voru teiknuð í skurðum 6 og 7, líkt og aðferðafræði fornleifafræðinnar segir til um. Jarðvegssýni voru tekin úr gólflögum og eldstæði á svæði A en einnig voru tekin sýni úr öskuhaug.

Jarðlög voru handgráfin með múrskleið og öll jarðlög í öskuhaug, svæði B, voru sigtuð með 7 mm sigti og einnig gólf- og ruslalög á svæði A. Haldnar voru skrár yfir ljósmyndir, gripi og sýni sem eru ávallt yfirfærð á stafrænt form að vettvangsrannsókn lokinni. Gengið var frá gripum og þeim pakkað samkvæmt leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um meðhöndlun gripa. Lokið hefur verið að skrá alla gripi og sýni í Sarp. Öll fornleifafræðileg gögn verða varðveitt tímabundið á Árbæjarsafni á meðan rannsóknin stendur yfir. Forvörður Þjóðminjasafns hefur tekið út forngripageymslur Árbæjarsafns og samþykkt þær sem geymslustað fyrir gripina.

Könnunarskurði 6 var lokað um leið og uppgreftri á honum lauk í júlí vegna slysaþættu þar sem hann var staðsettur á gönguleið yfir tún Árbæjar. Könnunarskurði 7 og svæðum A og B var lokað við lok uppgrافتarins, þann 4. september. Fyllt var upp í könnunarskurðina með jarðvegi og þökur lagðar þar yfir, en plastdúkar voru lagðir yfir uppgrافتarsvæði A og B og þau hulin vandlega með torfþökum.



Loftmyndir voru teknar með flygildi af uppgraftarsvæðum. Umsjón með drónamyndatöku hafði Hulda B. Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur.




*Mynd 4. Nýnemar við vinnu á uppgraftarsvæði A.*

## Svæði A

Sumarið 2020 var uppgraftarsvæði A stækkað í suðvestur horninu en markmiðið með stækkuninni var að ná fram heildstæðari mynd af þeim mannvirkjum sem komið höfðu í ljós út frá lagnaskurðum. Í austur hluta svæðisins var grafið niður að  $K \sim 1500$  en ekki voru ummerki um mannvist undir henni og því var áhersla lögð á NV-SV hluta svæðisins. Jarðlögin sem þar voru grafin lágu flest hver undir  $K \sim 1500$  en má nefna að umfangsmikil torflög náðu yfir stóran hluta svæðisins. Ljóst er að greinileg skil eru um miðbik svæðis A þar sem má segja að mannvist á svæðinu fari dvínandi



Mynd 5. Loftmynd af uppgraftarsvæði A. Svörtu rákirnar á austurhluta svæðisins er Katla 1500 in situ.



Mynd 6. Kort af svæði A. Jarðlög sem eru í lit voru skráð og grafin árið 2020. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson.

austanmegin en mun meira er um að vera á vestari hluta svæðisins. Þessi skil sýna vel hversu langt eiginlegur bæjarhóllinn hefur náð.

Áhugaverðasti fundur sumarsins voru leifar af gólfi og eldstæði en þau eru talin tengjast járnvinnslu á staðnum. Því miður hefur þó bæði gólfi og eldstæði verið mikið raskað og vestari hluta eldstæðisins hefur verið raskað með skurði, [12321]. Skurðurinn tengist að öllum líkindum hátíðarhöldum sem fram fóru á staðnum á 20. öld. Austari hluti eldstæðisins var undir mannvirki 2 (torfvegg [3360]) og út frá jarðlagasamhengi og gjóskulögum er

sá hluti talinn vera frá 13.-14. öld en þetta á eftir að staðfesta nánar með C14 greiningum.

Helstu gripir sem fundust á svæði A voru dönsk mynt frá 1836, brýni, alir, eldtinnur, hnífur, naglar og ýmis konar járngripir.



*Mynd 7. Eldstæði á svæði A, áður en það var grafið. Horft í austurátt.*




*Mynd 8. Eldstæðinu hefur verið raskað að hluta og þar fundust m.a. gulir og rauðir múrsteinar og kúla úr járni (2020-37-266). Í óraskaða hlutanum fundust brýnisbrot, kol og gjall.*



Mynd 9. Loftmynd af uppgrافتarsvæði B.

### Árbær 2020 - Svæði B



Mynd 10. Kort af uppgrافتarsvæði B, lituðu jarðlögin eru þau sem voru mæld upp og grafin árið 2020. Kortagerð: Ómar Valur Jónsson.

## Svæði B

Sumarið 2020 var haldið áfram að grafa upp öskuhauginn á uppgrافتarsvæði B. Svæðið einkennist allra helst af þykkum kola- og móöskulögum. Ekki náðist að klára að grafa upp öskuhauginn í þessum áfanga. Helstu gripir sem komu upp úr öskuhaugnum voru hnífar, alur, brýni, meitill, rauðleirsbrot, kljásteynar, naglar af ýmsum gerðum, eldtinnur og mót úr steini eða möguleg kola. Einnig fundust dýrbein, þá mest úr stórgripum, en oftast en ekki, vegna þess hve súr jarðvegurinn er, var ekki möguleiki á að varðveita hluta af beinunum.

## Könnunarskurðir 6 og 7

Tveir könnunarskurðir voru gerðir út frá niðurstöðum jarðsjármælinga en þeir eru hluti af mastersverkefni Ómars Vals Jónassonar. Stærð skurðanna var 1 x 5m. Skurður 6 var gerður þar sem jarðsjármælingar sýndu afar þéttan ferningslaga flöt á um 1.3-1.6 metra dýpi. Það kom þó ekki mikið í ljós í þessum skurði en nánast engin merki um mannvist voru sýnileg þrátt fyrir að skurðurinn væri staðsettur nánast á bæjarhólnum sjálfum. Kom í ljós að jarðsjármælingarnar höfðu sýnt náttúrulegan jökulruðning. Örfáir gripir fundust í skurðinum en má þar nefna steinsleggjuhaus, flöskugler og danskan 25 aur frá 20. öld.

Skurður 7 innihélt töluvert umfangsmeiri mannvist en skurður 6. Grafið var niður á 1.6 metra dýpi og hægt var að greina mannvist um 40 cm undir grasrót og niður í botn skurðsins. Ætla má að mannvistarlæg ná enn lengra niður, líkt og kom í ljós við framkvæmdaefirlit við bæjarhúsin, árið 2015.

Jarðsjármælingar sýndu fram á að skálalaga bygging væri til staðar á um 1.3-1.6 metra dýpi og var skurður 7 staðsettur tvo metra út frá austurgafli Árbæjar, þar sem byggingin er staðsett samkvæmt jarðsjá. Ofarlega í skurðinum var að finna grjóthleðslur frá gömlu hlöðunni sem stóð þar á 20. öld. Á um eins



*Mynd 11. Könnunarskurður 7. Lengst til vinstri sjást grjóthleðslur úr hlöðunni en þvínæst, neðar, eru tvær steinaraðir sem talið er að sé dren. Mynd tekin í suður.*

metra dýpi var að finna tvær steinaraðir sem lágu í norður-suður og hafa verið túlkaðar sem grjóthlaðið dren sem tilheyrir hefur bæjarhúsunum. Óvíst er á þessu stigi frá hvaða tíma hleðslurnar eru nákvæmlega og ekki er hægt að útiloka að þetta séu leifar af tveimur samliggjandi veggjum. Það er þó ólíklegra en hitt þar sem afar leirkennt jarðlag var á milli steinaraðanna. Einnig fannst torfveggur á um 1.3 metra dýpi, en byggingin sem honum tilheyrði hefur verið fyllt af móösku, sennilega eftir að notkun á byggingunni hefur verið hætt. Gjóska frá Kötlu~1500 fannst í torfveggnum og því hefur hann verið byggður eftir Kötlugos. Ljóst er að um er að ræða bygginguna sem kom í ljós við jarðsjármælingar.


Lítið af gripum fundust í skurðinum en þó fundust hvítleirsbrot, eldtinna, ýmis konar gler, hnífsbrot og járnnaglar, ásamt brotum úr járn. Skurður 7 var einnig notaður í kennslu á vettvangsnámskeiðinu þar sem nemendur fengu kennslu í sniðteikningu og jarðlagafræði.



Mynd 12. Nýnemar læra allt um jarðлагаfræði í skurði 7 hjá Angelos Parigoris, kennara.

Árbær 2020-37  
 Norðursnið í skurði 7 (mynd 1 af 3)  
 23.07.2020


Frumteikning AP, HBG  
 Hreinteikning ÖP



Mynd 13. Hreinteikning af norðursniði í könnunarskurði 7.

## Gripir

Gripir sem fundust við uppgröft sumarið 2020 hafa allir verið skráðir í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn, undir alls 323 fundanúmerum. Þó var nokkuð um magnfundi þar sem samansafn efnisflokka úr sama jarðlagi var skráð undir sama númeri. Þetta á aðallega við um dýrabein og járngripi, t.d. nagla af sömu gerð. Algengasta efnið sem fannst voru ýmsir málmar en leirker og steinar fylgdu fast á eftir. Fjallað verður stuttlega um helstu efnisflokkana hér fyrir neðan.



Mynd 14. Súlurit sem sýnir skiptingu gripa eftir efni.

## Dýrabein

Skráð voru 28 fundarnúmer undir efnisflokknum dýrabein. Hér er um að ræða ýmiskonar dýrabein, fugla- og fiskibein og bein úr húsdýrum. Bein af húsdýrum eru í meirihluta og voru það ýmist tennur, hryggjaliðir, hlutar af höfuðkúpu o.fl. úr stórgripum og sauðfé. Dýrabein fundust á svæði A og á svæði B í mismunandi góðu ástandi en af þeim 28 fundarnúmerum sem skráð

voru eru 17 skráð á svæði A og 11 á svæði B. Beinir voru skráð í Sarp annaðhvort sem magnfundur, undir sama jarðlagsnúmeri, eða sem stök bein.

## Gler

Skráð voru 20 fundarnúmer undir efnisflokknum *gler*. Þrettán af þeim fundarnúmerum voru frá svæði A, fjögur frá svæði B og þrjú fundarnúmer komu úr könnunarskurðum; eitt úr skurði 6 og tvö úr skurði 7. Brotin eru græn að lit; dökkgræn og mosagræn en einnig glær. Glerbrotin eru í ágætu standi en erfitt er að gera greinamun á hlutverki þeirra en í sumum tilvikum er hægt að greina botnbrot, belgbrot og barmbrot úr flöskum. Á einu glerbroti, þá grip (2020-37-55), sem fannst í öskuhaugnum er áletrunin *A.B.* og er botnbrot úr flösku. Skammstöfunin stendur líklegast fyrir *American Bottle Co.* sem var glerframleiðandi frá Ameríku. Miðað við áletrunina þá var þessi flaska framleidd árið 1906, einnig er ummerki um áletrun sem gæti mótað töluna *100* (Lockhart & Schulz, 2007).

## Leir

Skráð voru 39 fundarnúmer undir efnisflokknum leir. Af þeim 39 eru níu frá svæði A, 27 frá svæði B, eitt frá könnunarskurði 6 og eitt frá könnunarskurði 7. Samansafn var undir stökum númerum.

Leirkersbrotin samanstanda af rauðleir, hvítleir, postulíni o.fl. Brotin hafa verið hluti af

margskonar ílátum svo sem fætur, barmar, botn og höld. Flest brotanna hafa gljáandi áferð annaðhvort á annarri hlið eða báðum hliðum. Þar að auki bera sum leirkersbrotin þau einkenni að hafa komist í snertingu við eld og eru þakin



Mynd 15. Tólf rauðleirkersbrot (2020-37-37).



svörtu sóti. Þau hafa því verið notuð við eldamennsku eða vinnslu á hráefni. Dæmi um rauðleirsbrot má nefna leirkersbrot (2020-37-40) sem er fótur af íláti, sem fannst í lagi [9649] á svæði B. Nokkuð var af hvítleir og má nefna fimm leirkersbrot (2020-37-97), þar af eitt skreytt brot, sem fundust í yfirborðslagi [9919] á svæði A. Sum af hvítaleirs brotunum bera skraut. Brot sem er í samansafni (2020-37-6) úr könnunarskurði 7 hefur blátt skraut sem myndar einhverskonar blóm og eitt af brotum (2020-37-97) frá svæði A hefur blátt skraut sem myndar einhverskonar landslag. Þar að auki er eitt barmbrot í (2020-37-101) frá svæði A sem ber gyllta rönd.

## Málmur

Skráð voru 145 fundarnúmer undir efnisflokknum *málmur*, þar af nokkrir magnfundir, mest naglar. Af þessum 145 númerum kemur meirihluti úr öskuhaugnum, eða alls 82. Af járnri voru skráðir 118 gripir, 25 úr kopar og einn úr blýi. Ýmis konar málmgripir fundust, m.a hnífur, skæri, meitill, aurar, alur, krókur og sylgja.

Tíu brot úr hnífum fundust, þar af aðeins einn á svæði A en töluvert af hnífum



Mynd 16. Skæri sem fundust í öskuhaug.



Mynd 17. Kúla úr járnri sem fannst á svæði A.

og verkfærum hafa fundist í öskuhaugnum frá því hann var fyrst opnaður, árið 2018. Auk þessara málmgripa eru 5 gripir úr blönduðum efnum, þar sem málmur er annað þeirra efna, t.d. skaft úr borðbúnaði, (2020-37-323).

Fyrsti gripurinn sem skráður var í rannsókninni í ár var lítill koparpeningur (2020-37-1) með áletrunina 25 ORE. Peningurinn fannst í könnunarskurði 6. Önnur mynt (2020- 37-107) fannst svæði A, í lagi [7307], og er dönsk mynt sem slegin var árið 1836. Áletrun hennar er: *2 Rigsbank Skilling 1836*.



Mynd 18. Dönsk mynt með áletruninni: *2 Rigsbank Skilling 1836* (2020-37-107)



Mynd 19. Handgerðir járnnaclar (2020-37-85).

Í jarðlagi [12103], sem er fylling í skurði á svæði A, fannst kúla úr járn, 854 gr. að þyngd (sjá Mynd 17). Hún fannst þar ásamt gulum og rauðum múrsteinum. Kúla þessi fékk fljótlega vinnuheitið „fallbyssukúlan“ en hefur þó sennilega sinnt öðru hlutverki. Gæti mögulega verið dráttarkúla, en gripurinn verður skoðaður nánar áður en langt um líður.

## Steinn



Mynd 20. Kvarnarsteinn sem fannst á svæði A í röskuðu lagi. Skalinn á myndinni er 50 cm.

Skráð voru 51 fundarnúmer undir efnisflokknum *steinn*. Stór hluti steingripanna eða 19 fundarnúmer eru brýni eða brýnisbrot. Tvær fiskisleggjur fundust, ein í könnunarskurði 6 (2020-37-2) og ein á svæði A (2020-37-314)<sup>1</sup> sem var staðsett rétt undir gjóskulagi [10161] og verður hún því að teljast eldri en frá árinu 1500. Í lagi [9649], í öskuhaug, fannst einskonar mót eða kola (2020-37-112) sem vegur um 858g. Fimm kljástear fundust í öskuhaugnum; þrjár fundust saman í lagi [9523], einn fannst í lagi [9649] og einn í lagi [10669]. Tvö brot af kvarnarsteini fundust á svæði A, í röskuðu jarðlagi, [5854].



Mynd 21. Þrjár af a.m.k. fjórum kljástearum sem fundust í öskuhaugnum. Þeir voru hluti af vefstað og hafa verið notaðir við vefnað.



Mynd 22. Gripur 2020-37-112 og vegur 858 gr., en er brotinn í annan endann. Er þetta herslusteinn, kola eða steypumót?

## Líkamsleifar

Stök tönn (2020-37-124) fannst í lagi [11878], torflagi á svæði A. Hún er jaxl en rótina vantar og er hún brotin. Hún gæti hugsanlega verið barnatönn. Ekki

<sup>1</sup> Sleggjan 2020-37-314 er skráð í fundaskrá í gjóskulagi 10161 en hún fannst aðeins undir því. Ástæðan að hún er skráð í þetta jarðlag er sú að ekki voru mæld upp né grafið neðar en gjóskulagið og sleggjan stóð vel upp úr og þótti ekki gáfulegt að skilja hana eftir yfir veturinn.

er vitað hvernig hún endaði í torflaginu en ljóst er út frá jarðlagasamhengi að hún hefur að öllum líkindum lent þar fyrir árið 1500.

### **Lífrænar leifar**

Skráð voru 15 fundarnúmer fyrir lífrænar leifar. Þar af fjögur fyrir leður, þrjú fyrir textíl og sjö úr tré eða viði. Af þessum 15 færslum komu tvær frá svæði A og 13 frá öskuhaug (svæði B). Sumir þessara lífrænu gripa voru samsettir öðrum efnum, má þar nefna grip, (2020-37-243), þar sem leður fannst með járnhringju, grip (2020-27-209) var járn nagli með viðarleifum og einnig fundust tveir hnífar með viðarhaldi; (2020-37-17) sem fannst á svæði A og (2020-37-247) sem fannst í öskuhaug.

### **Annað efni**

Aðrir efnisflokkar voru *gjall* og *plast*. Glær plastfilma (2020-37-191), líklega úr myndavél fannst í fyllingu [9933] á svæði A. Í röskuðum jarðlögum á svæði A er töluvert af yngri gripum og rusli að finnast á hverju ári. Ekki þykir ástæða til að skrá alla slíka gripum því þeir teljast ekki til fornleifa skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en þó þótti áhugavert að geyma þessa myndavéla filmu. Gjall er flokkur sem hefur ratað bæði í funda- og sýnaskrá en bæði er um að ræða tvær tegundir af gjalli, annars vegar sem hefur fallið til við járnvinnslu og hinsvegar þegar mór hefur verið notaður sem eldsneyti í eldstæðum/hlóðum.

## Miðlunar og safnaþáttur

### Opnun sýningar á Árbæjarsafni

Sýning um fornleifarannsóknina í Árbæ var sett upp í júlí í Landakoti á Árbæjarsafni og hefur sýningin hlotið saman nafn og rannsóknin, *Fornar rætur Árbæjar*. Hluti af styrknum frá fornminjasjóði fór í gerð sýningarinnar.



Mynd 23. Hluti sýningarinnar í Landakoti.

Sýningin var tilbúin þann 25. júlí en formleg opnun var haldin 4. september, á síðasta degi vettvangsvinnu. Öllum nemendum, starfsfólki Árbæjarsafns, styrktaraðilum og samstarfsaðilum var boðið á opnunina. Höfundar sýningarinnar og sýningastjórn var á höndum Sólrúnar Ingu Traustadóttur og Margrétar Bjarkar Magnúsdóttur. Auk þeirra sátu í sýninganefnd: Jón Páll Björnsson og Jóhanna Árnadóttir, starfsmenn Borgarsögusafns. Guðrún Katla Henrysdóttir hannaði sýningaspjöldin og Íris Auður Jónsdóttir gerði teikningar. Ráðgjöf varðandi gripaval og framsetningu þeirra var fengin hjá forverði rannsóknarinnar, Sigríði Þorgeirsdóttur, forverði á Þjóðminjasafni Íslands.

Alls voru gerð sex upplýsingaspjöld fyrir sýninguna, ásamt einu spjaldi fyrir barnahorn (sjá sýningaspjöld í viðauka þessarar skýrslu). Í barnahorninu

eru teikningar fyrir yngstu gesti safnsins og þeir sem vilja geta sett teikningarnar sínar í póstkassa sem er í horninu og safnið birtir þær á Instagram undir myllumerki rannsóknarinnar, #fornarrætur. Smíðaðir voru tveir skápar fyrir sýninguna, einn loftþéttur fyrir gripi og annar fyrir verkfæri og annað tengt fornleifafræði. Kristinn Erlendur Gunnarsson, smiður á Árbæjarsafni, sá um það verk.

### **Samfélagsmiðuð fornleifafræði**

Hluti fornleifarannsóknarinnar í Árbæ snýr að samfélagsmiðaðri fornleifafræði (*e. community-based archaeology*) þar sem markmiðið er í stuttu máli að miðla og fræða almenning um rannsóknina og fornleifafræði með fjölbreyttum hætti. Einnig að skapa góðan og þægilegan vettvang þar sem fólk getur komið skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri til sérfræðinga.

Vegna COVID -19 féllu allir viðburðir niður sem áætlað var að halda í tengslum við rannsóknina. Því voru engir kynningardagar haldnir fyrir almenning, líkt og undanfarin ár.

### **Vettvangssýning**

Það má segja að vettvangsrannsóknin sé lifandi sýning fyrir gesti Árbæjarsafns, á meðan á henni stendur ár hvert. Að öllu jöfnu koma árlega um 40.000 gestir á safnið en vegna COVID-19 var aðgengi takmarkað og safnið um tíma lokað. Því varð aðsókn minni en venjulega vegna þess eins og gefur að skilja. Þeir safngestir sem þó komust á milli lokanna voru einkum börn í fylgd með foreldrum eða afa og ömmu. Allir voru áhugasamir um rannsóknina og þær uppgötvanir sem hafa átt sér stað í gegnum árin.

### **Samfélagsmiðlar**

Helsti samfélagsmiðill rannsóknarinnar er *Instagram* og þar notast rannsóknin við myllumerkið #FORNARRÆTUR. Nemendur, stjórnandi og leiðbeinendur

birta þar reglulega myndir frá vettvangsvinnunni ár hvert. *Facebook* síðu rannsóknarinnar má finna [hér](#). Einnig er *Facebook* síða Árbæjarsafns notuð til að miðla rannsókninni til almennings.

## Lokaorð

Árið 2020 var ekki líkt neinu öðru og hafði heimsfaraldurinn mikil áhrif á undirbúning, framkvæmd og skipulag verkefnisins í heild, bæði vettvangsvinnu og sýningagerð. Allt gekk þó vel að lokum og eiga allir þeir er tóku þátt í verkefninu, árið 2020, miklar þakkir skilið fyrir sitt framlag.

Snemma á árinu kom í ljós að COVID-19 myndi hafa áhrif á uppgröftinn í Árbæ og var það svo ljóst að honum þyrfti að fresta frá maí fram í miðjan júlí. Reynt var eftir bestu getu að fylgja sóttvarnarreglum og fjarlægðartakmörkunum og gekk það ágætlega. Þetta var fimmta árið sem rannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* fór fram og þriðja árið sem uppgröfturinn var í samstarfi við Háskóla Íslands þar sem fyrsta árs nemar fá þjálfun í vettvangsvinnu í áfanganum *FOR406G - Fornleifarannsókn á vettvangi*. Vegna COVID-19 fór áfanginn *FOR101G - Aðferðafræði I* fram í Árbæ en sá áfangi fer yfirleitt fram í Skálholti í fyrstu viku annarinnar.

Haldið var áfram með uppgröft á svæðum A og B eins og á fyrri árum en einnig voru gerðir tveir könnunarskurðir við bæjarhólinn á svæði A. Könnunarskurði 6 var lokað fyrir komu nema en könnunarskurður 7 hélt opinn til æfingar á sniðteikningu fyrir bæði nýnema og þá lengra komnu.

Á svæði A hafa fundist leifar af mannvirkjum frá ýmsum tímum. Markmið uppgraftarins í ár var að stækka svæðið örlítið meira til þess að ná fram heildstæðari mynd af þeim mannvirkjum. Leifar af gólfi og eldstæði sem tengjast járnvinnslu á staðnum komu í ljós í ár, en mikið rask hefur átt sér stað og því um að ræða afar brotakenndar leifar en nóg til að hægt væri að taka nokkur sýni. Einnig var grafið í þau jarðlög sem lágu undir K~1500 og þau miklu torflög sem ná yfir stóran hluta svæðisins. Helstu gripir frá svæði A

voru brýni, alir, hnífur og dönsk mynt frá 1836. Á svæði B var reynt að klára að grafa upp öskuhauginn en það tókst ekki að þessu sinni. Haldið verður áfram með hann á næsta uppgraftarmisseri. Helstu gripir frá svæði B voru alur, naglar, hnífar, skæri, kljásteynar og áhugaverður aflangur gripur úr



Mynd 24. Nemendur fara eftir tveggja metra reglunni.

steini sem erfitt er að henda reiður á til hvers hann var nýttur (sjá Mynd 22)

Könnunarskurður 6 var gerður út frá jarðsjármælingum sem sýndu þéttan flöt á um 1.3-1.6 metra dýpi. Jarðlagið reyndist hins vegar ekki innihalda mannvistarleifar heldur náttúrulegan jökulruðning en örfáir gripir fundust í könnunarskurðinum samt sem áður. Helstu gripir úr könnunarskurði 6 voru steinsleggja og danskur aur frá 20. öld. Könnunarskurður 7 var gerður á því svæði þar sem jarðsjármælingar bentu til þess að skálalaga mannvirki væri, á um 1.3-1.6 metra dýpi. Mannvirkið kom í ljós í skurðinum á 1.3 metra dýpi og var fyllt með móösku, torfveggir þess innihéldu K~1500 gjósku og er það því ekki eldra en frá 16.öld. Í skurðinum fundust einnig grjóthleðslur úr tveimur mismunandi byggingum, önnur er þekkt sem hlaða bæjarins frá 19.-20.öld, en hin hleðslan virðist vera dren úr eldra mannvirki. Helstu gripir úr



könnunarskurði 7 voru gler, járnaglar og hnífsbrot. Á næstu árum fæst vonandi skýrari mynd af mannvirkjunum sem fundist hafa á svæðunum og hvernig búseta þróaðist í gegnum árin.

Haldið verður áfram að miðla niðurstöðum rannsóknarinnar til almennings með fjölbreyttum og áhugaverðum hætti, m.a. með leiðsögnum, sýningum, í gegnum samfélagsmiðla og útvarpsviðtöl.



*Mynd 25. Nemendur taka stutta pásu eftir að hafa aftyrft uppgraftarsvæði B.*

## Heimildaskrá

- Annálar 1400-1800. Annales Islandici. Posteriorum sæculorum*, 1.- 4. bindi. (1922-1927). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri) og Reynir Vilhjálmsson. (1998). *Ellidaárdalur: Land og Saga*. Reykjavík: Mál og Mynd í samstarfi við Árbæjarsafn og Borgarskipulag.
- Ellidaárnar keyptar. (1906, 8. ágúst). *Lögrétta*, bls. 150. Sótt í desember 2018 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=2275644](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2275644)
- Guðmundur Ólafsson. (1988). *Hjónadysjar í Kópavogi*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Hrefna Róbertsdóttir. (1992). Reykvíkingafélagið 1940-1992. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), *Söguspegill: afmælisrit Árbæjarsafns*. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 59-79.
- Íslenzkt fornbréfasafn V. Diplomatarium Islandicum*, 5. bindi. (1899-1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi. (1923-1924). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- Lockhart, Bill, Pete Schulz o.fl. (2007) *The American Bottle Co.: A Study in Contrasts and Contradictions*, sótt 11.des frá [sha.org/bottle/pdf/AmericanBottleCo.pdf](http://sha.org/bottle/pdf/AmericanBottleCo.pdf)
- Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir. (2015). *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015. Skýrsla nr. 172*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir. (2017). *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016. Skýrsla nr. 179*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Sólrún Inga Traustadóttir. (2018). *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017. Skýrsla nr. 190*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfadóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda, Ámundardóttir, Snædís Sunna Thorlacius. (2020). *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn Áfangaskýrsla 2019*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Sólrún Inga Traustadóttir, Arthur Knut Farestveit, Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir, Gunnar Grímsson, Sigrún Hannesdóttir og Valur Magnússon. (2019). *Fornar rætur Árbæjar - Fornleifarannsókn Áfangaskýrsla 2018*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

## Viðauki I – Fundaskrá

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
1	Peningur	Málmur - Kopar - Koparblanda.	-	Könnunarskurður 6	1,6 cm	1,6 cm		18 g
2	Fiskasleggja	Bergtegund - Steinn.	-	Könnunarskurður 6	10,4 cm	4,5 cm		413 g
3	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	-	Könnunarskurður 6	1,6 cm	1,9 cm		6 g
4	Glerbrot	Gler.	-	Könnunarskurður 6	6,4 cm	3,2 cm		49 g
5	Glerbrot, Glerbrot	Gler.	-	Könnunarskurður 7				62 g
6	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	-	Könnunarskurður 7				5 g
7	Rúðuglerbrot	Gler.	-	Könnunarskurður 7				144,2 g
8	Meitill	Málmur - Járn.	6900	Svæði B	18 cm	2 cm		252,9 g
9	Tinna	Bergtegund - Tinna.	-	Könnunarskurður 7	3 cm	25 cm		5,9 g
10	Nagli	Málmur - Járn.	-	Könnunarskurður 7				72,8 g
11	Járnbrot	Málmur.	-	Könnunarskurður 7				163 g
12	Steinn	Bergtegund - Steinn.	9442	Svæði A				408 g
13	Koparhlutur	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	Svæði B	1 cm	0,5 cm		
14	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	6900	Svæði B				331 g
15	Þynna, Nagli, Járn	Málmur - Járn.	-	Könnunarskurður 7				27 g
16	Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	7237	Svæði A	8,5 cm	3 cm	3 cm	75,8 g
17	Hnífur	Viður. Málmur - Járn.	3945	Svæði A				17 g

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
18	Sylgja	Málmur - Járn.	9523	Svæði B	1,6 cm	6,2 cm	4,6 cm	21,3 g
19	Splitti	Málmur - Járn.	9442	Svæði A	8 cm	4 cm	2,5 cm	58,5 g
20	Koparblanda, Koparplata	Málmur - Kopar - Koparblanda.	9582	Svæði A				10,2 g
21	Koparplata	Málmur - Kopar - Koparblanda.	9442					6 g
22	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9523	Svæði B				24,7 g
23	Þynna	Málmur - Kopar - Koparblanda.	9523	Svæði B				8,8 g
24	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9523	Svæði B				37,4 g
25	Textílleifar, Textíll	Textíll.	10669	Svæði B				34,4 g
26	Gler	Gler.	9442	Svæði A				1,7 g
27	Gler	Gler.	7237	Svæði A	1,5 cm	1,5 cm	0,2 cm	0,7 g
28	Koparblanda	Málmur - Kopar - Koparblanda.	3945	Svæði A	2,7 cm	2,4 cm	1 cm	6,9 g
29	Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	10715	Svæði A				4,1 g
30	Gjall	Gjall.	10715	Svæði A				35,4 g
31	Gjall	Gjall.	9442	Svæði A	4 cm	4,5 cm	1 cm	11,9 g
32	Koparblanda	Málmur - Kopar - Koparblanda.	9986	Svæði A	2,8 cm	2,2 cm		4,8 g
33	Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	3945	Svæði A	4 cm	2,3 cm	0,5 cm	5,6 g
34	Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	5854	Svæði A	10,3 cm	2,3 cm	1,6 cm	57,6 g

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
35	Krókur	Málmur - Járn.	9649	Svæði B	10,5 cm	2,5 cm	1,6 cm	39,2 g
36	Kljásteinn	Bergtegund - Steinn.	9649	Svæði B	10,5 cm	7,5 cm	5,5 cm	395,9 g
37	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9649	Svæði B				88,8 g
38	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9649	Svæði B				37,8 g
39	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9649	Svæði B				14,8 g
40	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9649	Svæði B	7,5 cm	6,5 cm	4 cm	87 g
41	Kljásteinn	Bergtegund - Steinn.	9523	Svæði B				
42	Hnífur	Málmur - Járn.	9649	Svæði B				36,1 g
43	Þynna	Málmur - Kopar - Koparblanda.	Yfirborðs- hreinsun	Svæði B	5,8 cm	3,5 cm	0,1 cm	6,5 g
44	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9523	Svæði B				32,2 g
45	Koparblanda	Málmur - Kopar - Koparblanda.	3945	Svæði A				7,5 g
46	Nagli	Málmur - Járn.	3945	Svæði A				29 g
47	Gjall	Gjall.	3945	Svæði A				79,4 g
48	Dýrabein	Bein - Dýrabein - Dýrstönn. Stórgripsbein. Fuglsbein. Fiskbein. Brennd bein	9523	Svæði B				
49	Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	7307	Svæði A	5 cm	1,1 cm	0,5 cm	6,3 g
50	Gler	Gler.	7307	Svæði A				3,2 g
51	Nagli, Járn	Málmur - Járn.	7307	Svæði A				20,2 g

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
52	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	7307	Svæði A				2,4 g
53	Járn	Málmur - Járn.	9919	Svæði A	4,9 cm	3,2 cm	3,8 cm	14,9 g
54	Glerbrot	Gler.	5854	Svæði A	7,66 cm	5,16 cm		23,4 g
55	Glerbrot	Gler.	Lausa- fundur	Svæði B	4,24 cm	2,42 cm	2,46 cm	15,2 g
56	Leður, Leðurbútur	Skinnt - Leður.	9523	Svæði B				0,7 g
57	Glerbrot	Gler.	Lausa- fundur	Svæði B				5,6 g
58	Nagli	Málmur - Járn.	9442	Svæði A				63,8 g
59	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	Hreinsun	Svæði B	4,7 cm	2,6 cm		18 g
60	Glerbrot	Gler.	Lausa- fundur	Svæði A				18,2 g
61	Brýni, Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	6900	Svæði B	5,3 cm	1,8 cm		12,2 g
62	Glerbrot	Gler.	Lausa- fundur	Svæði A				3,7 g
63	Glerbrot	Gler.	6900	Svæði B				14,3 g
64	Nagli	Málmur - Járn.	Hreinsun	Svæði B	5,3 cm	2,6 cm		27,3 g
65	Leirker	Jarðvegur - Leir.	Hreinsun	Svæði B	7,5 cm	3,3 cm		59,7 g
66	Brýni, Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	Hreinsun	Svæði B	4,92 cm	20 cm	111 cm	16,6 g
67	Járn	Málmur - Járn.	9523	Svæði B	6,5 cm	3,7 cm		54,5 g
68	Járnlykkja	Málmur - Járn.	9523	Svæði B	5,2 cm	3,2 cm		27,1 g
69	Nagli	Málmur - Járn.	Hreinsun	Svæði A	7,8 cm	2,3 cm		98,8 g
70	Steinn	Bergtegund - Steinn.	6900	Svæði B	6,6 cm	5,3 cm		22,6 g
71	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	10023	Svæði B	4,3 cm	1,7 cm		9,3 g
72	Hnífur	Málmur - Járn.	9523	Svæði B	7,7 cm	1,8 cm		35,2 g
73	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	6900	Svæði B	3,63 cm	4,55 cm		33 g

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
74	Glerhallur	Bergtegund - Glerhallur.	Yfirborð	Svæði A	2,36 cm	0,97 cm		1,6 g
75	Splitti	Málmur - Járn.	Yfirborð	Svæði A	5,6 cm	1,8 cm		13,7 g
76	Þynna	Málmur - Járn.	Yfirborð	Svæði A	4,1 cm	2,5 cm		9,6 g
77	Leirker	Jarðvegur - Leir.	6900	Svæði B	3,7 cm	2,5 cm		35 g
78	Tönn	Bein - Dýrabein - Tönn. Bein - Dýrabein.	10104	Svæði A				182 g
79	Brýni	Bergtegund - Flöguberg.	10161	Svæði A	8,7 cm	3,7 cm		80 g
80	Brýni, Brýnisbrot	Bergtegund - Steinn.	Hreinsun	Svæði A				48,1 g
81	Þynna	Málmur - Járn.	9933	Svæði A	10,7 cm	8,4 cm		108,8 g
82	Nagli	Málmur - Járn.	10161	Svæði A		186 cm	377 cm	125 g
83	Þynna	Málmur - Kopar - Koparblanda.	10223	Svæði B	3,2 cm	2,8 cm		3,4 g
84	Nagli	Málmur - Kopar - Koparblanda.	10223	Svæði B	207 mm	74 mm		37 g
85	Nagli	Málmur - Járn.	6900	Svæði B	5,5 cm	2 cm		38,2 g
86	Brot	Málmur - Blý.	Hreinsun	Svæði A	71 cm	59 cm		15 g
87	Rónagli	Málmur - Járn.	6900	Svæði B	6,6 cm	2,9 cm		58,1 g
88	Nagli	Málmur - Járn.	6900	Svæði B				267 g
89	Dýrabein	Bein - Dýrabein - Tönn - Dýrstönn. Stórgripsbein, Fuglsbein, Fiskbein. brennt.	9649	Svæði B				



Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
90	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	Hreinsun	Svæði A	2 cm	2 cm	0,8 cm	3,4 g
91	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	Hreinsun	Svæði A	2,49 cm	1,9 cm	0,5 cm	2,9 g
92	Skaft	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	Svæði B	1,16 cm	1,03 cm	8,6 cm	18,9 g
93	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	10223	Svæði B	1,95 cm	1,2 cm	4,4 cm	1,2 g
94	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	10223	Svæði B	2,5 cm	3,25 cm	0,67 cm	6 g
95	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	10223	Svæði B	1,6 cm	1,34 cm		0,7 g
96	Áfesta	Málmur - Járn.	10104	Svæði A	3,34 cm	0,95 cm	6,18 cm	3,4 g
97	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9919	Svæði A				25 g
98	Vír	Málmur - Kopar - Koparblanda.	5854	Svæði A	17,7 cm	0,2 cm	0,2 cm	10,5 g
99	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9919	Svæði A	3,2 cm	2,5 cm	0,3 cm	3,7 g
100	Vír	Málmur - Járn.	5854	Svæði A	6,3 cm	0,02 cm	0,01 cm	0,2 g
101	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	9933	Svæði A				4,7 g
102	Nagli	Málmur - Járn.	5854	Svæði A				6,2 g
103	Járn	Málmur - Járn.	5824	Svæði A	2,8 cm	1 cm	0,9 cm	1,6 g
104	Gler	Gler.	9919	Svæði A	2,1 cm	1,2 cm	0,4 cm	1,1 g
105	Alur	Málmur - Járn.	9919	Svæði A	6,7 cm	1,2 cm	0,5 cm	7,8 g
106	Nagli	Málmur - Járn.	9919	Svæði A				33,7 g
107	Mynt	Málmur - Málmblanda.	7307	Svæði A	13,48 mm	13,48 mm		0,7 g

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
<b>108</b>	Nagli	Málmur - Járn.	9582	Svæði A	4,3 cm	2,3 cm	1,4 cm	9,6 g
<b>109</b>	Nagli	Málmur - Járn.	5854	Svæði A				37,5 g
<b>110</b>	Alur	Málmur - Járn.	5854	Svæði A	10,7 cm	1 cm	0,2 cm	10,3 g
<b>111</b>	Verkfæri, Alur	Málmur - Járn.	10223	Svæði B	14,8 cm	1,2 cm		22,9 g
<b>112</b>	Verkfæri, Steypumót, Kola	Bergtegund - Steinn.	9649	Svæði B	14,1 cm	7,1 cm	4,5 cm	858 g
<b>113</b>	Hringur, Járn	Málmur - Járn.	10669	Svæði B	2,2 cm	0,5 cm		1,9 g
<b>114</b>	Hringja	Málmur - Járn.	10223	Svæði B	5 cm	2,3 cm	1,5 cm	14,1 g
<b>115</b>	Koparbútur	Málmur - Kopar.	7307	Svæði A	2,4 cm	1,5 cm	0,4 cm	0,2 g
<b>116</b>	Hnífur	Málmur - Járn.	6900	Svæði B	3,7 cm	1,7 cm	9,7 cm	6,9 g
<b>117</b>	Lykill	Málmur - Járn. Málmur.	10669	Svæði B	6 cm	3,2 cm		26 g
<b>118</b>	Dýrabein	Bein - Dýrabein - Tönn - dýrabein - Stórgripsbein. Dýrabein - brennt.	10223	Svæði B				
<b>119</b>	Dýrabein	Bein - Dýrabein - Tönn - Dýrstönn. Stórgripsbein. Dýrabein - brennt.	6900	Svæði B				
<b>120</b>	Dýrabein	Bein - Dýrabein - Tönn - Stórgripsbein. Fuglsbein, Fiskbein,	10023	Svæði B				

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
<b>121</b>	Dýrabein	Bein - Dýrabein - Tönn - Dýrstönn. Bein - Dýrabein. Brennt bein.	10669	Svæði B				
<b>122</b>	Dýrabein	Bein - Dýrabein - Stórgripsbein. Bein - Dýrabein - Fiskbein. Bein - Dýrabein. Bein - Bein, brennt.	7307	Svæði A				
<b>123</b>	Kross	Málmur.	10669	Svæði B	3 cm	2,4 cm	0,4 cm	3 g
<b>124</b>	Tönn, Jaxl	Bein - Tönn.	11878	Svæði A	1 cm	0,7 cm	0,3 cm	
<b>125</b>	Járn	Málmur - Járn. Málmur.	10223	Svæði B	5,3 cm	3,5 cm		69 g
<b>126</b>	Kengur	Málmur - Járn. Málmur.	9649	Svæði B	4,4 cm	2,1 cm		11 g
<b>127</b>	Þynna	Málmur - Járn. Málmur.	12006	Svæði B	3,9 cm	3,1 cm		26 g
<b>128</b>	Járn	Málmur - Járn. Málmur.	11549	Svæði A	2 cm	0,3 cm		0,4 g
<b>129</b>	Járn	Málmur - Járn. Málmur.	10826	Svæði A				31 g
<b>130</b>	Járn	Málmur - Járn. Málmur.	9919	Svæði A	19 mm	4 mm	6 mm	2 g
<b>131</b>	Koparblanda	Málmur - Járn. Málmur.	9649	Svæði A	33 mm	2 mm	24 mm	6 g
<b>132</b>	Nagli	Málmur - Járn. Málmur.	10669	Svæði B				54 g

Númer 2020-37-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
133	Nagli	Málmur - Járn. Málmur.	9523	Svæði B				58 g
134	Rónagli	Málmur - Járn. Málmur.	10023	Svæði B				47 g
135	Járn	Málmur - Járn. Málmur.	11796	Svæði A				21 g
136	Rónagli	Málmur - Járn. Málmur.	9649	Svæði B				101 g
137	Nagli	Málmur - Járn. Málmur.	9649	Svæði B				33 g
